

Ágæti viðtakandi

Reykjavík, 19. febrúar 2024
UST202306-427/I.M.B.
09.00

Tillaga að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár í kynningarferli – beiðni um umsögn

Umhverfisstofnun auglýsir til umsagnar tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár skv. ákvæðum 36. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Tillögun er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni www.ust.is/nattura/framkvamdaaaetlun-natturuminjaskrar/

Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi ákveður að setja í forgang til næstu fimm ára, skv. 2. mgr. 33. gr. ofangreindra laga.

Í október 2018 fól þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra Umhverfisstofnun að meta og greina nauðsynlegar verndarráðstafanir á svæðum sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, skv. ákvæðum VI. kafla sömu laga.

Kynningarfundir fyrir landeigendur um tillöguna voru haldnir í janúar og febrúar 2024. Upptökur og glærur af kynningunum eru að finna á vefsvæði hvers svæðis á ofangreindri vefsíðu.

Umhverfisstofnun boðar jafnframt til opinna kynningarfunda vegna tillögunnar og eru upplýsingar um þá að finna á sömu vefsíðu. Á fundunum verður m.a. farið yfir feril framkvæmdaætlunarinnar, tillögusvæðin og mögulegar verndarráðstafanir og munu fulltrúar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar stýra umræðum og svara spurningum.

Frestur til að skila athugasemdum er til og með **19. apríl 2024**. Athugasemdum skal skilað til Umhverfisstofnunar á heimasíðu Umhverfisstofnunar ust.is, með tölvupósti á ust@ust.is eða bréfleiðis á Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Að kynningartíma loknum tekur Umhverfisstofnun saman umsögn um framkomnar athugasemdir og skilar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Umhverfisstofnun gerir einnig þeim aðilum, sem gera athugasemdir við tillöguna, grein fyrir umsögn sinni um þær skv. 3. mgr. 36. gr. ofangreindra laga.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að innsendar athugasemdir eru hluti af stjórnsýslumáli og kunna að verða afhentar þriðja aðila sé þess óskað í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.

Frekari upplýsingar veitir Ingibjörg Marta Bjarnadóttir ingibjorgb@umhverfisstofnun.is eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst

Ingibjörg M. Bjarnadóttir
sérfræðingur

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri